

BORGARRÁÐ 15. febrúar 2024: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aukin framlög með börnum í sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum - MSS24020084

Borgarráð samþykkir að veita aukin fjárframlög úr borgarsjóði með þeim börnum sem lögheimili eiga í Reykjavík, og sækja nám í sjálfstætt starfandi leikskólum eða grunnskólum í borginni. Markmiðið verði að treysta rekstrargrundvöll skólanna, þannig að sjálfstætt starfandi grunnskólar þurfi ekki að innheimta skjólagjöld, og sjálfstætt starfandi leikskólar þurfi ekki að notast við hærri gjaldskrár, fyrir nemendur búsetta í Reykjavík. Þannig verði efnahagur foreldra ekki ákvarðandi ástæða við skólaval. Skóla- og frístundasviði verði falið útfæra viðeigandi reiknilíkan vegna breyttra framlaga. Breytingar verði gerðar á samningum við sjálfstætt starfandi leikskóla og grunnskóla, og breytingarnar taki gildi frá og með 1. ágúst 2024.

Greinargerð:

I. Forsaga málsins

Á fundi borgarstjórnar þann 18. október 2022 lagði Sjálfstæðisflokkur fram tillögu um jöfn opinber framlög með öllum börnum í grunn- og leikskólakerfinu. Með tillögunni var lagt upp með að fjárframlög úr borgarsjóði yrðu aukin með þeim börnum sem lögheimili eiga í Reykjavík og sækja nám í sjálfstætt starfandi leikskólum eða grunnskólum í borginni. Markmiðið yrði að treysta rekstrargrundvöll skólanna, þannig að sjálfstætt starfandi grunnskólar þyrftu ekki að innheimta skjólagjöld og sjálfstætt starfandi leikskólar þyrftu ekki að notast við hærri gjaldskrár, fyrir nemendur búsetta í Reykjavík. Þannig mætti tryggja börnum í Reykjavík jafnari tækifæri enda yrði efnahagur foreldra ekki ákvarðandi ástæða við skólaval barna.

Líkt og með aðrar stefnumarkandi tillögur á þessu kjörtímabili treysti meirihlutinn sér ekki til að afgreiða málið, heldur vísaði því til nánari rýni innan borgarráðs. Frá framlagningu tillögunnar eru nú liðnir 16 mánuðir og málið ekki hlotið frekari framgang.

II. Fé fylgi nemanda í háskólakerfinu

Á dögnum kynnti ráðherra háskólamála breytingar á rekstrarframlögum til sjálfstætt starfandi háskóla, með þeim hætti að jöfn opinber framlög myndu fylgja öllum nemendum í háskólanámi. Sjálfstætt starfandi háskólar gætu þannig þegið 100% framlag frá ríkinu (í stað 75%) líkt og ríkisháskólar, ef þeir myndu ekki innheimta skólagjöld. Ákvörðuninni fylgdi sú röksemd að ríkið skyldi ekki gera upp á milli nemenda eftir því hvaða háskóla þeir veldu, en kerfið í dag hefur mismunað nemendum skipulega og ýtt þeim frekar í ríkisháskóla.

Með hliðsjón af stefnumarkandi breytingum ráðherra á framlögum til sjálfstætt starfandi háskóla, ítreka fulltrúar Sjálfstæðisflokks tillögu sína um raukin framlög til sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla í borginni.

III. Frelsi og val í skólamálum

Það er mikilvægt að tryggja frelsi og val í skólamálum. Lykilforsenda valfrelsis er fjölbreyttara rekstrarform. Þannig skapast svigrúm til framþróunar og tækifæri til nýsköpunar. Það hefur sýnt sig að menntakerfi sem veitir kennurum og skólastjórnendum aukið sjálfstæði, skilar betur undirbúnum nemendum. Við þurfum aukið valfrelsi foreldra og tryggari starfsgrundvöll fyrir sjálfstætt starfandi skóla. Einkaframtak í skólakerfinu ýtir undir framfarir og nýsköpun - og stuðlar um leið að aukinni fjölbreytni öllum til heilla.

Það er réttlætismál að tryggja jöfn opinber framlög með hverju barni í skólakerfinu, óháð rekstrarformi þess skóla sem barni er valið. Þannig kæmust sjálfstætt starfandi skólar hjá innheimtu skólagjalda eða hærri gjaldskrá – og þannig mætti tryggja öllum börnum jöfn tækifæri til þeirrar menntunar sem býðst í Reykjavík, því efnahagur foreldra yrði ekki lengur

ákvarðandi forsenda við skólaval. Verði tillagan sem hér er borin upp samþykkt, getum við betur tryggt jöfn tækifæri til náms og fjölbreyttara skólakerfi í borginni.